

Fundargerð (50)

Fjarfundur haldinn á Teams fimmtudaginn 3. febrúar 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

Dagskrá

1. **Fundargerð** 49. fundar 20. janúar 2022 samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur kynnti framvinduskýrslu verkefnisstjóra, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Umræða varð um einstaka liði.
3. **Stöðuskýrslur innleiðingarhópa.** Í gögnum fundarins lágu fyrir til upplýsingar og umræðu stöðuskýrslur frá innleiðingarhópum ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Innleiðingarhópur SFV var hvattur til að skila sínum skýrslum einnig innan tímamarka þannig að fulltrúar í stýrihópi geti kynnt sér efni allra skýrslna fyrir fundi. Rætt um form og efni skýrslanna og mikilvægi þeirra fyrir eftirfylgni stýrihóps með framgangi BVV. Samþykkt að verkefnisstjórn rýni skýrslurnar fyrir næsta fund og vinni minnisblað með greiningu sinni og ábendingum til undirbúnings umræðu.
4. **Frumkvæðisathuganir.** Bára Hildur kynnti vinnulag við frumkvæðisathuganir og fór yfir dæmi um skýrslu verkefnastjórnar, sem skilað er til ábyrgðaraðila vinnustaða sem athugun tekur til. Með samanburði á markmiðum og raunstöðu kemur skýrt í ljós hver staðan er á einstökum vinnustöðum og hvar grípa þarf til aðgerða til að rétta af kúrsinn. Samstaða um að frumkvæðisathuganirnar hafi gefið mjög góða raun, m.a. hafi framkvæmd breytinga á tilteknum vinnustöðum getað nýst sem fyrirmynd fyrir aðra í farsælli og faglegri innleiðingu BVV.
5. **Reynslusaga verkefnastjórnar.** Bára Hildur og Bergþór deildu með stýrihópnum reynslu sinni af samstarfi við einstaka vinnustaði og stéttarfélag um ferli og

innleiðingu breytinganna. Rætt um nauðsyn þess að traust sé milli aðila. Ráðgjöf og reynslusögur frá fulltrúum vinnustaða þar sem vel hefur tekist til við innleiðingu breytinga og frá einstökum stéttarfélögum sem hafi lagt mikla vinnu í að greina útfærslu í samræmi við þarfir hvers vinnustaðar, hafi verið ómetanlegur stuðningur. Ekkert jafnist á við jafningjafræðslu sem byggist á skilningi og traustu eignarhaldi á markmiðum betri vinnutíma í vaktavinnu.

- 6. Önnur mál.** Rætt um óánægju sem fram hefur komið vegna breytinga á launum sem greidd eru fyrir vinnu á stórhátíðum og komu til útborgunar um síðustu mánaðamót. Upplifun á einstökum starfsstöðum er að laun hafi lækkað vegna innleiðingar BVV. Leitast verður við að setja saman texta með skýrri og skiljanlegri túlkun stýrihóps. Fulltrúi Fíh deildi með hópnum frétt á vef félagsins vegna kvartana frá hjúkrunarfræðingum.

Fundi slitið kl. 16.00. Næsti fundur verður fimmtudaginn 17. febrúar 2022 kl. 14.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.